

Maki: 23. júní 1989, Kristín Guðjónsdóttir, f. 27. júní 1963, stúdent frá F.G. 1982, B.Sc. í hjúkrunarfræði frá H.Í. 1987, hjúkrunarfræðingur. For.: Guðjón Davíðsson, húsa-smíðameistari á Álftanesi, f. 5. febr. 1942, og k.h. Anna Margrét Eymundsdóttir, húsfreyja, f. 28. maí 1944.

Dætur þeirra: 1) Sigríður, f. 26. júlí 1986. 2) Anna Gyða, f. 9. maí 1990. 3) Freyja, f. 22. ágúst 1994.

Skyldleiki/tengdir: Jóhann G. Benediktsson (maki föðursystur), Jóhann Vilhjálmsson (S.I. tvím. við móður J.V.).

Sigurjón Arnlaugsson f. 31. maí 1946 í Reykjavík.



Faðir: Arnlaugur Þorsteinn Sigurjónsson, eftirlitsmaður frystihúsa í Reykjavík, f. 25. ágúst 1916, d. 6. des. 1975. For.: Sigurjón Arnlaugsson, verkstjóri í Hafnarfirði, f. 15. júlí 1877, d. 10. des. 1959, og k.h. Steinþóra Þorsteinsdóttir, húsfreyja, f. 4. júní 1883, d. 8. febr. 1945.

Móðir: Þórey Helgadóttir, húsfreyja í Reykjavík, f. 15. sept. 1916, d. 26. des. 1986. For.: Helgi Sveinsson, verkamaður í Keflavík, f. 6. sept. 1885, d. 11. maí 1966, og k.h. (skildu) Guðrún Teitsdóttir, húsfreyja í Hafnarfirði, f. 22. apríl 1891, d. 10. maí 1966.

Nám: Stúdent frá M.R. 1966. Cand. odont. frá Háskóla Íslands 1972. Framhaldsnám í tannvegsfræði (periodontology) við University of Alabama, Graduate School, í Birmingham í Bandaríkjunum 1974–76, fellow við sama skóla 1976–77, M.Sc. (Master of Science in Dentistry) þaðan 1977. — Tannlækningaleyfi 1. ágúst 1972. Sérfræðingsleyfi í tannvegs-lækningum 4. maí 1987.

Störf: Almenn tannlæknastörf á Ísafirði frá júní 1972 til mars 1974. Sérhæfðar tannlækningar í tannvegslækningum í Reykjavík frá ágúst 1977. Aðjúnt í tannvegslækningum við tannlæknadeild Háskóla Íslands júlí–des. 1977 og lektor í tannvegslækningum þar frá jan. 1978. Research Associate við The Institute of Dental Research og The Diabetes Research and Training Center við University of Alabama í Birmingham 1984–86 og stundakennari við The Department of Periodontology, University of Alabama, 1984–86.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður stjórnar Félags íslenskra tannlæknanema 1969. Í hönnunarnefnd tannlæknadeildar Háskóla Íslands frá nóv. 1979. Í kúrsusnefnd TFÍ 1981–84. Í fræðslunefnd TFÍ 1981–82. Í stjórn Félags sérmenntaðra tannlækna 1982–84 og frá 1990. Í lyfjanefnd TFÍ 1983–84. Í sérfræðinefnd tannlækna 1986–89. Í kennslunefnd tannlæknadeildar H.Í 1987–89, formaður frá 1989. Í stjórn vísindasjóðs TFÍ 1989–93. Gjaldkeri í stjórn TFÍ 1993–95. Í ársþings- og endurmenntunarnefnd TFÍ frá 1995. Endurskoðandi TFÍ frá 1996. Í vísindanefnd tannlæknadeildar Háskóla Íslands (THÍ) 1996–97. Í siðanefnd THÍ 1996. Í nefnd til að semja reglugerð um tannlækningastofnun Háskóla Íslands 1996. Formaður kennslunefndar THÍ 2003–04. Fulltrúi í Nordisk Gerontologisk Forening frá 26. jan. 2003. Fulltrúi THÍ í Tannverndarráði 2003–08. Varamaður í sér-

fræðinefnd tannlækna frá 2002. Formaður hönnunarnefndar THÍ vegna nýbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss frá 2006. Á aðild að eftirtöldum fagfélögum: Tannlæknafélagi Íslands, American Academy of Periodontology, Scandinavian Society of Periodontology, Félagi sérmenntaðra tannlækna, International Association of Periodontology og International Association for Dental Research.

Ritstörf: The Effects of a Preparation of Dextranase and other Enzymes on Human Dental Plaque and Gingivitis (M.Sc.-ritgerð), University of Alabama in Birmingham, Graduate School, 1977. — Greinar: Tannholdsbólur er megin orsök tannmissis, Fréttabréf um heilbrigðismál, 3:1979, 29; Ræktunarrannsóknir á tannsyklu, Harðjahl, 2:1979, 65–69; Synthesis of proteoglycans in rat mucosal keratinocytes (ásamt H. Birkedal-Hansen og L. Rodén), J. Oral Pathol., 17:1988, 489–495; Framhaldsnám í tannholdsfræðum, Harðjahl, 1:1987, 34–35; Bólur í stoðvefjum tanna. Kafli í bókinni Tennur og tannhírða (ritstj.: Gunnar Þormar og Sigfús Þór Elíasson), Rvík 1989, 16–20; Tannkul, Apótekið (ásamt Björgvini Jónssyni), 2:1995, 12–13; Prevalence of gingivitis in 6-year-olds in Reykjavik, Iceland (ásamt Þ.E. Magnússyni), Acta Odontol. Scand., 54:1996, 247–250; Að draga eða draga ekki út frá sjónarhóli tannvegsfræðinnar, Tannlæknaðilið, 15:1997, 247–250; Tannlæknafélmi á Íslandi. Faraldsfræðileg könnun. Ágrip V-9 (ásamt E.E. Arnarsyni, B. Ragnarssyni, K.E. Karlssyni og Þ.E. Magnússyni), Læknaðilið. Fylgirit des. 1998; Dental Anxiety in Iceland: An Epidemiological Postal Survey (ásamt sömu), Acta Odontol. Scand., 61:2003, 283–288; Tannlæknafélmi á Íslandi og tengsl við mat á eigin útliti. Faraldsfræðileg spurningakönnun. Ágrip V-112 X. vísindaráðstefna læknadeildar H.Í. (ásamt sömu), Læknaðilið. Fylgirit 40, 86:2000; Áhrif tannvegssýkinga á almenna heilsu, Tannlæknaðilið, 18:2000, 29–31; Rannsókn mannleifa úr fornleifauppgreftri á Skeljastöðum í Þjórsárdal (ásamt S. Richter og S.Þ. Elíassyni). Erindi á 12. vísindaráðstefnu H.Í. 2004. Ágrip E-96. Læknaðilið. Fylgirit 50, 90:2004; Tannvegsástand, munnhírða og munnhírðuvenjur 16–18 ára unglunga í Reykjavík (ásamt B. Ragnarssyni, Á. Þórðarsyni, B. Jóhannsdóttur, K.E. Karlssyni, E.E. Arnarsyni og Þ.E. Magnússyni), Tannlæknaðilið, 23(8):2005, 8–16; Orthodontic treatment experience and prevalence of malocclusion traits in an Icelandic adult population (ásamt T. Jónssyni, B. Ragnarssyni, K.E. Karlssyni, E.E. Arnarsyni og Þ.E. Magnússyni), American Journal of Orthodontics and Dentofacial Orthopedics, 131:2007, 8.e11–8.e18; Development of occlusal traits and dental arch space from adolescence to adulthood. A 25-year follow up study of 245 untreated subjects (ásamt T. Jónssyni, S.R. Sæmundssyni og Þ.E. Magnússyni), s. rit, 2007; Tíðni tannréttingameðferðar og bitskekkja hjá miðaldra Íslendingum (ásamt T. Jónssyni, K.E. Karlssyni, B. Ragnarssyni, E.E. Arnarsyni og Þ.E. Magnússyni). Erindi á 13. vísindaráðstefnu H.Í. 2007. Ágrip E-71, Læknaðilið. Fylgirit 53, 93:2007.

Maki: 31. maí 1969, Sjöfn Hjálmarasdóttir, f. 10. apríl 1946, stúdent frá M.R. 1966, nám við Langham Secretarial College í Lundúnum með enska hraðritun og þýsku sem aðalgrein, húsfreyja og skrifstofumaður. For.: Hjálmar Guðmundsson, skipstjóri í Kópavogi, f. 14. jan. 1914, d. 16. maí 2003, og k.h. Hulda Gunnlaug Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Vífilsstaðaspítala, f. 3. nóv. 1913, d. 26. mars 1997.

Börn þeirra: 1) Ingibjörg, f. 17. jan. 1971, sálfræðingur, náms- og starfsráðgjafi. Maki: Jón Helgi Björnsson, f. 26. júlí 1966, líffræðingur og rekstrarhagfræðingur. 2) Sigurjón Örn, f. 24. ágúst 1977, M.Sc. í rafmagns- og tölvuverkfræði frá H.Í.

Sigurjón Benediktsson f. 14. ágúst 1951 í Reykjavík.



Faðir: Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari í Reykjavík, f. 24. apríl 1916, d. 16. okt. 1986. For.: Sigurjón Jónasson, bóndi og oddviti í Hólakoti og á Skefilsstöðum í Skefilsstaðahr., Skag., f. 9. sept. 1877, d. 10. nóv. 1959, og k.h. Margrét Sigurlaug Stefánsdóttir, húsfreyja, f. 16. apríl 1876, d. 20. febr. 1960.

Móðir: Guðfinna Fanney Stefánsdóttir, húsfreyja í Reykjavík, f. 9. des. 1905, d. 18. jan. 1990. For.: Guðbrandur Þorsteinsson, bóndi á Loftstöllum í Mýrdal, Dyrhólahr., V-Skaft., f. 5. des. 1869, d. 25. júlí 1951, og k.h. Elín Björnsdóttir, húsfreyja, f. 31. okt. 1872, d. 28. okt. 1946. Kjörfor. (Fanneyjar): Stefán Gíslason, læknir í Vík í Mýrdal, f. 12. nóv. 1859, d. 1. mars 1933, og seinni k.h. Anna Jónsdóttir, húsfreyja, f. 20. jan. 1864, d. 4. júní 1942.

Nám: Stúdent frá M.R. 1971. Cand. odont. frá Háskóla Íslands 1977. Framhaldsnám í fyrirbyggjandi tannlækningum við University of Alabama í Birmingham í Bandaríkjunum 1980–81. Framhaldsnám við Oral Biology-deild sama háskóla 1989–91, M.Sc. í Oral Biology þaðan í júní 1991. — Tannlækningaleyfi 17. mars 1978. Einkaflugmannspróf 22. okt. 1986.

Störf: Aðstoðartannlæknir hjá Ólafi G. Karlssyni í Reykjavík júní–sept. 1977. Tannlæknir á Húsavík frá sept. 1977 að frátöldum árum í framhaldsnámi.

Félags- og trúnaðarstörf: Questor scholaris M.R. 1969–70. Í Stúdentaráði H.Í. 1975–76. Varamaður í stjórn Tannlæknafélags Norðurlands 1978–80, ritari 1982–84 og formaður 1984–85. Formaður Kríuvinafélags Húsavíkur frá stofnun 1979. Í heilbrigðisnefnd Húsavíkur 1982–86. Í fræðslunefnd TFÍ 1984–85. Í samninganefnd TFÍ við T.R. 1986–87. Kjörinn varabæjarfulltrúi á Húsavík fyrir Víkverja 1986–90. Í atvinnumálanefnd Húsavíkur 1986–90. Einn af frumherjum umhverfissamtakanna Húsgull á Húsavík frá stofnun 1988. Í umhverfismálaráði Húsavíkur 1990–95. Í ársþings- og endurmenntunarnefnd TFÍ 1992–93. Bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Húsavík 1994–98 og 1999–2002 og í bæjarráði Húsavíkur á sama tíma. Í fagráði Landgræðslu ríkisins 1994–97. Í stjórn Fiskiðju-samlags Húsavíkur hf. 1995–98. Í gjaldskrárnefnd TFÍ 1996–97. Í stjórn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga 1996–98. Í flokksráði Sjálfstæðisflokksins frá 1996. Í stjórn Sjálfstæðisfélags Húsavíkur og nágrennis frá 1998. Í stjórn Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi 1998–2004. Formaður TFÍ frá 2005. Í stjórn Orkuveitu Húsavíkur frá stofnun 2005. Formaður Taflfélags Húsavíkur í nokkur ár. Í stjórn Skógræktarfélags Húsavíkur og Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga í mörg ár. Hefur setið í mörgum tíma- og verkefnabundnum nefndum og ráðum á Húsavík.